



ORKUSTOFNUN

**Rannsóknaráætlun vegna nokkurra álitlegra
jarðhitastaða í Skagafirði**

**Kristján Sæmundsson,
Ólafur G. Flóvenz**

Greinargerð KS-ÓGF-96-13

Rannsóknaráætlun vegna nokkurra álitlegra jarðhitastaða í Skagafirði

Í meðfylgjandi rannsóknaráætlun er miðað við heitavatnsvinnslu á nokkrum heitustu laugsvæðunum sem best liggja með tilliti til hitaveitulagna um nálæga byggð. Heitasta vatnið er að hafa í Varmahlíð, í Ytra-Vallholti og inn við Hverhóla og Hofsvelli. Á tveimur síðastnefndu stöðunum yrði önnur nýting að koma til en húshitun.

Vænlegustu vinnslusvæði heits vatns eru:

1. Vinnslusvæði **Hitaveitu Sauðárkróks** við Áshildarholtsvatn. Um það er óþarf að fjölyrða. Það er vel rannsakað og undir vinnslueftirliti. Sjálfrennsli er úr holunum og meðalrennsli 70-80 l/s. Líklegt er að jarðhitakerfið þoli tölувert meiri vatnsvinnslu. Vatnshittinn er tæp 70°C.
2. **Varmahlíð.** Tvær vinnsluholar hafa verið boraðar í Varmahlíð, og fæst vatnið sjálfrennandi aðallega úr þeirri sem síðast var boruð, enda er hún neðar í landinu. Vinnslueftirliti mun vera ábótant, en meðalrennsli er tæpir 10 l/s af ~ 90°C heitu vatni. Líklegt er að jarðhitakerfið þoli tölувert meiri vatnsvinnslu. Rannsóknir skortir ef fara á út í frekari boranir. Þau mál eru í athugun í samráði við Sigurð Guðmundsson oddvita Seiluhrepps.
3. **Ytra-Vallholt.** Vallholtslaug er um 59°C heit. Jarðhitakerfið sem þar er undir hefur ekki verið rannsakað. Kísill í laugarvatninu er hár og bendir til mun hærri hita, slagar jafnvel í Varmahlíð. Vatnsvinnsla fyrir hitaveitu í hluta Akrahrepps kæmi vel til álita. Rannsóknir fælu í sér grunnar rannsóknarboranir, viðnámsmælingar og e.t.v. segulmælingar. Óvist er um dýpi á fast berg.
4. **Steinsstaðir, Reykir/Varmilækur, Reykjavellir.** Hiti í laugum á þessum stöðum er á bilinu 63-67°C. Kísill í laugavatninu bendir til að hæstur hiti sé á Reykjum og Varmalæk (Skíðastaðalaug), þó ekki mikil hærri en mælist í laugunum. Skynsamlegast væri að stefna að vatnsvinnslu á einhverjum þessara staða. Jarðfræðilegar aðstæður eru þekktar í stærstu dráttum, en þörf er á frekari rannsóknum ef bora aettí eftir viðbótarvatni. Þær rannsóknir fælu í sér viðnáms- og segulmælingar og e.t.v. grunnar rannsóknarboranir. Líklega er um tvær aðskildar norð-suðlægar uppstreymissprungur að ræða. Nýting heita vatnsins er þegar mikil til húshitunar, í sundlaugar og til gróðurhúsaræktunar. Nýtingu mætti auka tölувert með hitaveitulögnum á nágrennabæi, e.t.v. án borana. Einkahitaveitur eru á nokkrum bæjum innan hugsanlegs hitaveitusvæðis. Það kann að draga úr hagkvæmni sameiginlegrar stórrar hitaveitu.

Lausleg rannsóknaráætlun fylgir hér á eftir fyrir þrjú síðasttöldu jarðhitasvæðin. Rannsóknaráætlun fyrir Varmahlíð er í athugun í samráði við stjórn hitaveitunnar þar. Lagt er til að jarðhitafræðingur fari á staðina þrjá (Ytra-Vallholt, Steinsstaðir/Reykir og Varmilækur/Reykjavellir), skoði aðstæður, útbreiðslu jarðhita, leiti eftir ummerkjum um sprungur og ganga með hitamælistaf og segulmæli. Tekin verði saman greinargerð þar sem gerðar verði tillögur um eðlilegt framhald rannsókna í samræmi við aðstæður á hverjum stað. Þar koma til álita hitakort, segulmælingar, viðnámsmælingar (kína-mæl.) og grunnar hitastigulsholur, ýmist einn þessara kosta eða fleiri, allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Heildarkostnaður við þessar forathuganir er áætlaður 400 þ.kr., auk VSK. Eftirfarandi tafla sýnir kostnað við mælingar og rannsóknarboranir sem fylgt gætu í kjölfarið áður en unnt verður að staðsetja djúpa holu. Í sumum tilvikum gæti einungis þurft að gera einn þessara liða en í öðrum tilvikum þá alla. Það fer eftir niðurstöðum forathugunarinnar.

Hitakort (mælingar í jarðvegi)	150.000 kr/stað
Segulmælingar	300.000 kr/stað
Viðnámsmælingar (kína)	850.000 kr/stað
Grunnar borholur (200 bormetrar)	600.000 kr/stað

Að auki er gert ráð fyrir að heimamenn sjái um fæði og gistingu mæli- og bormanna og leggi til tvo röska menn til aðstoðar við viðnámsmælingarnar.

Hér að neðan er kostnaðaráætlun um fyrsta áfangann í þessu rannsóknarverki, þ.e. könnun á jarðfræðilegum aðstæðum við Ytra-Vallholt, Reykjavelli-Varmalæk og Reyki-Steinastaði. Far-ið verður norður og aðstæður kannaðar, útbreiðsla lauga, sprungur, hiti í jarðvegi, mældir segulpróflar o.fl. eftir aðstæðum.

	einingar	kr/ein.	
Rannsóknarvinna á staðnum	60	3124	187.440
Segulmælir	3	7321	21963
Úrvinnsla, undirbúningur	30	3124	93.720
Fæði á ferðum	1	3850	3.850
Bill	3	7673	23.019
Tölvugjald	0,05	93.720	4.686
Fæði og gisting	5	7810	39050
Samtals án VSK			373.728

Í Akrahreppi er lítil von um nægilega heitt vatn í hitaveitu fyrir þéttbýlasta hluta hreppsins. Um volgt vatn til annarra nota gegnir öðru máli. Á þessu stigi er Akrahreppi sleppt, því raun-hæfara sýnist að sækja heita vatnið vestur fyrir Héraðsvötn.

Um Fljótin er hér ekki fjallað. Hugmynd mun vera uppi um nýtingu heits vatns úr borholu á Reykjárholi í V-Fljótum (um 90°C) inn í Sléttuhrepp (jafnvel á Hofssós?). Einnig hafa verið gerðar rannsóknir á Reykjárholi í A-Fljótum til undirbúnings heitavatnsborunar vegna hitaveitu.